

20% afsláttur

KJARVAL

2299 KR. KG
SS lambaprime með kryddsmjöri

40% afsláttur

539 KR. KG
Móa kjúklingur ferskur

20% afsláttur

398 KR. PK.
Grillborgarar m/ brauð 4 stk.

544 KR. PK.
SS grillpilsuprenna

198 KR. STL.
Eðalfisks salót

25% afsláttur

998 KR. STL.
BBS BBO Grísarí 500 g

298 KR. PK.
Freschetta pizzur

398 KR. PK.
Norpac máisstonglar

109 KR. STL.
Líf safi

389 KR. PK.
Kellogg's Special K

399 KR. PK.
Bláber box 300 g

429 KR. KG
Kúrbítur

359 KR. PK.
Freyju Flóótvanna

- Þín tilboð í Kjarval -

VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 9 á þriðjudagsmorgnum

Alvöru Sveitaball

i Leikskálum 12. júlí
nánar auglýst síðar

Nagari í eigu Trévíkur

Sá sem fékk lánaðan Nagara hjá Trévík á síðasta ári, er beðinn að skíla honum.

Trévík ehf.

VÍSUR VIKUNNAR

Þó að hrelli þrásækin þrauta hellirigningin. Haltu velli vinur minn vefðu Elli um finger þinn.

Hurð mér skall á hæla enn höpp er varla að finna. Heldur fall' og fylla senn fleytu galla minna.

Höfundur: Eiríkur Jónsson frá Keldunúpi á Síðu, járnsm. Reykjavík f. 1882 - d. 1975

Tapað - fundið

Ég tapaði uppáhaldsslæðunni minni á ferð frá Klaustri, um Meðalland, Áltaver, Skaftártungu og Mýrdal dagana 23. til -24. júní sl.

Finnandi vinsaml. hafið samband í síma 471 1890

Fundarlaun

VITINN á www.sudurland.net

Til sölu

Hyundai Santa Fe dísel, árg. 2007. ek. 10.000 km.

Uppl. 894-2191

Tannlæknir

Jón Steindór Sveinsson tannlæknir verður á Heilsugæslustöðinni í Vík mánudaginn 7. júlí

Tímáptanir í síma 480 5340

SMÁAUGLYSINGAR

27. TBL. 12. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 2. JÚLÍ 2008

Klaustursbúar!

Verð á Kirkjubæjarklaustri 6. og 7. júlí



Pantið tíma í alla almenna snyrtingu

Upplýsingar í síma 861 9181
Heiðdís Steinsdóttir snyrtifræðingur.



Verð á Skaftárvöllum 2 á Klaustri




Halldórskaffi auglýsir

Opnunartími í júlí og ágúst

Matur er framreiddur alla daga frá 11:00-22:00

Á föstudögum og laugardögum er barinn opinn til 01:00



Verið velkomin

Sumarkveðjur frá Halldórskaffi

Aðalfundur GKV 2008

**Verður haldinn mánudagskvöldið 7. júlí
kl. 20:30 í golfskálanum.**



Dagskrá aðalfundar:

- 1: Skýrsla stjórnar
 - 2: Reikningar klúbbsins fyrir árið 2007
 - 3: Kosning stjórnar og varastjórnar
 - 4: Kosning í nefndir
 - 5: Kosning skoðunnarmanna
- Önnur mál

Stjórnin.



Mýrdalshreppur

óskar eftir tilboðum í gatnagerð og
frárennislagnir í Árbraut og Bakkabraut í
Vík.

Helstu magntölur eru:

Gröftur og fylling.	1500 m ³
Jöfnunarlag	2500 m ²
Slitlag	2500 m ²
Frárennislagnir	330 m
Sandföng	20 stk
Brunnar	6 stk

Mýrdalshreppur leggur til lagnaefni.
Útboðsgögn fást á skrifstofu Mýrdalshrepps
frá og með föstudeginum 4. júlí sk.

Tilboð verða opnuð á sama stað kl. 14:00 mánudaginn 21. júlí nk. að
viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Sveitarstjóri Mýrdalshrepps.

Fyrsta stigamót sumarsins

Verður haldið á Víkurvelli
fimmtudaginn 3. júlí kl. 20:00

Keppnisgreinar: 10 ára og yngri: boltakast
11 ára og eldri: spjótkastr og kúluvarp



Skráning á staðnum

Umf Katla

Hótel Höfðabrekka

Ljúfengt kvöldverðarhlaðborð öll kvöld í sumar
Borðapantanir í síma 487-1208



Verið velkomin
Starfsfólk Hótel Höfðabrekku

Löggufréttir frá Hvolsvelli

Við umferðareftirlit í gærkvöldi stöðvuðu lögreglumenn á Hvolsvelli ökumann fyrir of hraðan akstur. Afskiptin leiddu til þess að um 4 grömm af ætluðum kannabiseftum fundust og er ökumaður einnig grunaður um akstur undir áhrifum ólöglegra ávana og fíkniefna.

Lögreglan fékk einnig tilkynningu um akstur utan vegar við Hvolsvöll síðar í gærkvöld og hugðust lögreglumenn stöðva ökumanninn sem sinnti ekki

stöðvunarmerkjum þeirra. Eftir stutta eftirför stöðvaði hann loks og var handtekinn, grunaður um ölvun við akstur.

9 ökumenn voru stöðvaðir fyrir of hraðan akstur, þar af þrír yfir 130 km/klst og sá sem hraðast ók var á 138 km/klst.



RE/MAX®

ÁRANGUR - ÖRYGGI - HÉÐARLEKI LIND



Kynnir Hátún í Vík í Mýrdal

Glæsileg ný raðhús fyrir 50 ára og eldri
2 tíma akstur frá Reykjavík.



091_Vestur 1100



091_Austur 1100

Njóttu lífsins á besta aldri á fögrum og friðsælum stað...

Opið hús laugardaginn 5. júlí kl. 13-14



Kristján Kristjánsson
sölufulltrúi
kk@remax.is
Gsm 899 5300



Þórarinn Jónsson Hdl.
löggiltur fasteigna-,
fyrirtækja og skipasali
thorarinn@remax.is



FUNDARGERÐ SKAFTÁRHREPPS

Sveitarstjórn Skaftárhrepps fundar mánudaginn 9. júní 2008. kl. 1400 í ráðhúsi Skaftárhrepps. 293. fundur sveitarstjórnar, 6. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskráð af Bjarna Daníelssyni, sveitarstjóra.

Oddviti býður fundarmenn velkomna.

Oddviti óskar eftir að eftirtalin erindi verði tekin á dagskrá:

1) Aðalfundarboð félagsþjónustu Rangárvalla- og V- Skaftafellssýslu 12. júní;

2) Bréf frá Ragnhildi Ragnarsdóttur 31. maí 2008;

3) Umsókn um framkvæmdaleyfi v. endurnýjunar virkjana í Rauðá, dags. 26. maí 2008, frá Ragnari Johansen og Baldri Þ. Bjarnasyni;

4) Bréf frá FOSS 6. maí 2008;

5) 28. fundur æskulýðs- og íþróttanefndar 18.05.2008;

6) 29. fundur æskulýðs- og íþróttanefndar 08.06.2008;

7) Fundargerð 22. fundar stjórnar félagsþjónustu R og V-S; 8) 414. fundur stjórnar SASS 4. júní 2008.

Oddviti undirstrikar nauðsyn þess að erindi berist tímanlega fyrir sveitarstjórnarfundi, en það er í síðasta lagi 6 dögum fyrir fund.

Þetta samþykkt og gengið til dagskrár.

Til stóð að Gylfi Júlíusson frá Landgræðslunni og Helgi Jóhannesson frá Vegagerðinni ættu fund með sveitarstjóra í dag en ákveðið var að þeir mættu á sveitarstjórnarfund til að ræða um bakkavörn við Kirkjubæjarklaustur o.fl Málín rædd, niðurstaða sú að Gylfi og Helgi geri drög að tillögum og sendi sveitarfélaginu. Gestunum þakkað fyrir komuna og fyrir greinargóðar upplýsingar.

Dagskrá:

I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu.

1. Sorphirðumál.

Fyrir fundinum liggja tillögur A og B frá ráðgjafarþjónustu Íslenska gámafélagsins um tvær mismunandi útfærslur á sorphirðu í Skaftárhreppi.

Í báðum tillögnum er gert ráð fyrir þríflokkun sorps, fræðslu og eftirfylgni varðandi flokkun úrgangs, reglulegri sorphirðu samkvæmt dagatali og markvissri flokkun á gámasvæði vegna endurvinnslu, auk sorpbrennslu, jarðgerðar og urðunar í lágmarki. Munurinn á A og B felst fyrst og fremst í skipulagi á og eftirliti með gámasvæði. Tillaga A gerir ráð fyrir vöktun svæðisins og aðstoð við flokkun en tillaga B að notendur sjái alfarið um flokkunina sjálfir. Í báðum tillögnum er gert ráð fyrir að fyrirtæki á svæðinu geti tekið þátt í verkefninu, en þau greiða sjálf fyrir þjónustuna. Sveitarstjórn samþykkir að leita eftir samningum við Íslenska gámafélagið um tillögu A með vissum breytingum og felur oddvita og sveitarstjóra að fylgja málinu eftir. Áhersla verði lögð á að vinna við sorphirðu samkvæmt þessu fyrirkomulagi verði unnin sem mest af heimamönnum.

2. Lán vegna íþróttamiðstöðvar.

Sveitarstjórn samþykkir að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 35.000.000 kr. til 10 ára í samræmi við lánstilboð sem liggur fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 3. mgr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Lánið er tekið til að fjármagna lokaáfangar byggingar íþróttamiðstöðvar á Kirkjubæjarklaustri, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.



Góð þátttaka hefur verið í gönguferðum Ferðafélags Mýrdælinga vítt og breytt um Mýrdalinn. Myndin er frá Jónsmessugöngu inn á Höfðabrekkuafreitt.

Mynd: Sigurður Hjálmarsson



Netavinna í blíðviðrinu hjá heimilisfólkinu á Hjallatúni í Vík á dögnum.

Mynd: Sigurður Hjálmarsson

Skipstjóri í afleysingum...

Hann var í fríu og lá í landi
að leysa af heima var enginn vandi,
konan var að því komin að fæða
og hvergi um húshjálp að ræða,

En hvað munar karlmann um kerlingar-
störfin
þó kannski sé stundum fyrir þau þörfin?
Konan var heima og hafði engu að sinna
nema hugsa um krakka, það er ekki vinna.

Hún sagði: Elskan þú þarft ekkert að gera,
aðeins hjá börnunum heima að vera,
ég er búin að öllu, þvo og þjóna,
þú þarft ekki að bæta, sauma eða þrjóna.

Matur er útbúinn allur í kistunni,
það ætti að duga svona í fyrstunni,
aðeins að líta eftir öngunum átta
ylja upp matinn og láta þau háttá"

Nú skyldi hann hafa það náðugt og lesa
og ná sér í ærlegan skemmtipésa,
hann var ekki sestur og var nokkuð hissa
er vældi í krakka:ég þarf að pissa"

Vart þeirri athöfn var að ljúka
er veinaði annar : Ég þarf að kúka"
Þarna var enginn einasti friður
ef ætlaði hann að tylla sér niður,

Dagurinn leið svo í sífelldum önnum
sem ei voru bjóðandi mönnum,
þvílíkt og annað eins aldrei í lífinu
útstaðið hafði hann í veraldarkífinu.

Ölduna stíga í ósjó og brælum
var ekkert hjá þessu, það kallaði hann sælu,
en þeytast um kófsveittur skammtandi og
skeinandi
skiljandi áflogaseggina veinandi!

Ef eitt þurfti að éta varð annað að skíta
og engin friður í bók að líta,
en hún sagði "Elskan, þú þarft ekkert að
gera
aðeins hjá börnunum heima að vera,"

Nú voru krakkarnir komnir í rúmið,
Kyrllátt og sefandi vornætur húmið
seiddi í draumheimana angana átta
en ekki var pabbi farinn að háttá,

Hann stóð þarna úfinn, úrvinda og sveittur
yfir sig stressaður, svangur og þreyttur,
og horfði yfir stofuna:"hamingjan sanna
hér á að teljast bústaður manna,

"Það skyldi hann aldrei á ævinni gera
í afleysingu slíkri sem þessari vera,
þó væri í boði og á því væri raunin
að þau væru tvöfölduð skipstjórálaunin"

En þetta á konan kauplaust að vinna
og kallað að hún hafi engu að sinna
af daglangri reynslu hans virtist það vera
að það væri stundum eitthvað að gera.

Áfram með störfinn ótt líður tíminn
Æ" aldrei friður nú hringir síminn,
halló, var sagt, það er sætt ég túlka,
þér sonur er fæddur og yndisleg stúlka.

Hann settist á stól og fann til svima og
klígju,
hvað sagði hún að krakkarnir væru orðnir
tú,"
Ég þarf að taka til öruggra varna,
ég ákveð á stundinni að hætta að barna.

Úr bókinni :Grátt gaman

Jafnframt veitir sveitarstjórn Bjarna
Daníelssyni, kt. 270249-2649, sveitarstjóra,
umboð til þess f.h. Skaftárhrepps að
undirrita lánsamning eða skuldabréf við
Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint,
sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa
út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli
og tilkynningar, sem tengjast lántöku þess-
ari.

3. Ársreikningur 2007 - Síðari umræða.
Ársreikningurinn var til fyrri umræðu 14.
apríl 2008, undirritaður án athugasemda af
endurskoðanda og skoðunarmönnum. Í A-
hluta rekstrarreiknings (aðalsjóði,
eignasjóði og þjónustudeild) kemur fram að
heildartekjur voru 274,5 mkr, þar af 135,3
mkr skatttekjur, 114,4 úr jöfnunarsjóði og
aðrar tekjur 25 mkr. Rekstrargjöld voru
227,6 mkr með afskriftum. Afskriftir í A
hluta voru 7,1 mkr. heildartekjur samstæðu
voru 285,2 mkr, rekstrargjöld 240,7, þar af
14,8 mkr afskriftir. Fjármagnsgjöld voru 18
mkr og rekstrarniðurstaða samstæðu var
jákvæð um 26,5 mkr. Niðurstaða efna-
hagsreiknings sýnir eignir samstæðu sam-
tals 542 mkr, skuldir og skuldbindingar
256,5 mkr. Eigið fé samtals 285,5 mkr.
Veltufé frá rekstri samstæðu var 53,1 mkr.
Fjárfesting í varanlegum fjármunum var
57,6 mkr. Afborganir langtímalána voru
28,2 mkr. Tekið var nýtt langtímalán að
upphæð 31,6 mkr. Sveitarstjórn samþykkir
ársreikning 2007 samhljóða og staðfestir
hann með undirritun sinni.

**4. Átaksverkefni - Uppbygging háskóla-
starfsemi milli Markarfljóts og
Skeiðarársands.**

Um er að ræða samstarfsverkefni á vegum
Háskólafélags Suðurlands um rannsóknark-
lasa fimm stofnana á Suðurlandi sem stun-
da vísinda- og fræðistörf: Reykir í Ölfusi,
Jarðskjálfta-miðstöð H.Í. á Selfossi,
Háskólasetrið að Laugarvatni, Landgræðslu

ríkisins í Gunnarsholti og Kirkjubæjar-
stofa. Markmiðið er að byggja upp
háskólatengda starfsemi á Skógum og í Vík
og treysta starfsemi Kirkjubæjarstofu.
Sveitarstjórn samþykkir að styðja þátttöku
Kirkjubæjarstofu í verkefninu og felur odd-
vita og sveitarstjóra að vinna að málinu.

**5. Noregsferð 19.-22. maí sl. - Skýrsla
lögð fram.**

Ferðin var í alla staði lærdómsrík og gagn-
leg. Heimsóttir voru nokkrir staðir þar sem
átak hefur verið gert í skipulagsmálum og
unnið markvisst að atvinnuuppbyggingu,
einkum í tengslum við ferðaþjónustu.
Reynsla af þessum verkefnum er fjölbætt,
en eitt atriði virðist standa uppúr, en það er
góður undirbúningur og náin samvinna
allra sem hagsmuna eiga að gæta. Jákvæðni
og hjartásýni eru líka nauðsynlegur
drifkraftur til að hægt sé að snúa vörn í
sókn.

6. Árleg kosning oddvita og varaoddvita.

Jóna S. Sigurbjartsdóttir er endurkjörin
oddviti og Elín Heiða Valsdóttir sem
varaoddviti. Einróma niðurstaða.

7. Breytingar á nefndum sveitarfélagsins.
Eftirfarandi breyting hefur orðið á nefnd-
um: Í skipulags- og byggingarnefnd hefur
tekið sæti sem aðalmaður Birgir Jónsson í
stað Eiðs B. Ingólfssonar, sem flutt hefur úr
sveitarfélaginu.

**8. Aðalfundarboð félagsþjónustu Rangár-
valla- og V-Skaftafellssýslu bs. 12. júní
2008.** Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að
sitja fundinn f.h. Skaftárhrepps.

**9. Sumarleyfi starfsmanna og sumarlokun
skrifstofu Skaftárhrepps**

Sveitarstjóri fer í sumarleyfi frá 16. júní til
4. júlí. Skrifstofa Skaftárhrepps verður
lokuð frá 23. júní til 4. júlí.

**10. Bréf frá Ragnhildi Ragnarsdóttur 31.
maí 2008: Um ástand íbúðar að
Klausturvegi 4, ósk um úrbætur.**

Sveitarstjórn samþykkir að taka þetta mál til skoðunar við gerð fjárhags-áætlunar fyrir næsta ár.

11. Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna endurbyggingar virkjana í Rauðá, dags. 26. maí 2008, frá Ragnari Johnsen og Baldri Þ. Bjarnasyn..

Sveitarstjórn vísar málinu til skipulags- og byggingarnefndar.

12. Bréf frá FOSS dags 6. maí 2008. Áskorun til sveitarstjórnar um viðbótargreiðslur til félagsmanna umfram umsamin laun. Launanevnd sveitarfélaga hefur samningsumboð f.h. Skaftárhrepps gagnvart FOSS og hefur sveitarstjórn skuldbundið sig að fara að gerðum samningum. Sveitarstjórn hafnar því tilmælum um sérstakar viðbótargreiðslur umfram umsamin laun, enda telur hún óráðlegt að fara þannig á svig við gerða kjarasamninga

II. Fundargerðir til samþykktar.

1. 108. fundur fræðslunefndar 22. maí 2008. Fundargerð samþykkt

2. 28. fundur æskulýðs- og íþróttanefndar 18.05.2008. Fundargerð samþykkt.

3. 54. fundur skipulags- og byggingarnefndar 2. júní 2008. Fundargerð samþykkt.

4. 109. fundur fræðslunefndar 4. júní 2008.

Sveitarstjórn samþykkir tillögu fræðslunefndar um ráðningu Kjartans H. Kjartanssonar sem skólalæra við Kirkjubæjarskóla á Síðu frá 1. ágúst nk. Fundargerð samþykkt.

5. 29. fundur æskulýðs- og íþróttanefndar 08.06.2008. Fundargerð samþykkt.

III. Fundargerðir til kynningar.

1. Vottunarstofan Tún ehf - Aðalfundur fyrir 2007 haldinn 30. apríl

2008, ásamt ársreikningi og skýrslu um starfsemi félagsins 2007

2. 276. fundur stjórnar APS 7. maí 2008

3. 109. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands 20. maí 2008

4. 414. fundur stjórnar SASS 4. júní 2008.

IV. Annað kynningarefni.

1. Um virkjunarkosti í neðanverðri Skaftá

2. Erindi til skipulags- og byggingarnefndar

3. Sveitamennt - nýr starfsmenntasjóður

4 Skaftafellsþjóðgarður - Vatnajökulsþjóðgarður

5. Afrit af gögnum frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti varðani Syðri Steinsmýri

6. UST - Viðmiðunartaxtar vegna refa- og minkaveiði

7. Virkjun við Hnútu - Afrit af bréfi Skipulagsstofnun

8. Fréttabréf Skólaskrifstofu Suðurlands, 1. tbl. 8. árg - maí 2008

IV. Samþykkt fundargerðar /

Fundarslit

Fundargerð lesin upp, samþykkt og árituð. Fundi slitið kl 19:15.

Næsti fundur er ráðgerður mánudaginn 14. júlí nk. Fundurinn hefst kl. 14:00.

Ekki er gert ráð fyrir sveitarstjórnarfundum í ágúst.

Jóna S. Sigurbjartsdóttir, oddviti, Elín Heiða Valsdóttir, varaoddviti, Sverrir Gíslason, Jóhannes Gissurarson, Þorsteinn M. Kristinsson.



Ströndin
BISTRO & BAR

verið velkomin



Ströndin
BISTRO & BAR